

Ed.

342. Frumvarp

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

2. gr.

Ef maður vill öðlast þann rjett, sem um er rætt í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir Stjórnarráðinu, að hann kunni nægilega vel þá tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á, og að hann hafi að öðru leyti þá þekkingu til að bera, er ætla má, að fullnægjandi sje til að leysa þau störf vel af hendi. Heimilt er Stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er um er rætt í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkar á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund, og að ljósta eigi upp leyndarmálum. Rjett er þó, að aðrir menn sjeu dómtúlkar og skjalþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skifti.

4. gr.

Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

5. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.